

Nr. 089 / 16 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1585 IMO nr. 8003993
Útgerð: HB Grandi hf
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 14. september 2016 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum á suðvesturmiðum. Veður: A 5 m/s og ölduhæð 1 m.

Skipverjar voru að taka trollið og snörla belginn inn. Einn skipverjinn var að fara með stroffu til að setja á belginn þegar hann sló vinstri hendinni utan í horn á loftlúgu svo handarbakið bólgaði upp og hann var frá vinnu tvær vaktir. Leitaði hann læknis þegar komið var í land þá kom í ljós að hann var fingurbrotinn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.